



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Eintak án trúnaðar

Föstudagur, 23. ágúst 2019

Ákvörðun nr. 27/2019

## Kaup CCEP Íslandi ehf. á vörumerkinu Einstök á Íslandi

### I.

#### Málavextir og málsmeðferð

Með tölvubréfi, dags. 17. júní 2019, bárust Samkeppniseftirlitinu gögn um kaup Coca Cola European Partners Íslandi ehf. (hér eftir CCEP) á vörumerkinu „Einstök“ á Íslandi af bandaríska fyrirtækinu Einstök Beer Company L.P. Voru gögnin send Samkeppniseftirlitinu vegna óskar um leiðbeiningu um mögulega tilkynningarskyldu vegna viðskiptanna. Í kjölfar frekari samskipta við málsaðila ákváðu þeir að tilkynna viðskiptin sem samruna í skilningi 17. gr. og 17. gr. a. samkeppnislaga. Með tölvubréfinu frá 17. júní 2019 fylgdi samrunaskrá í samræmi við 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningar og málsmeðferð í samrunamálum, með síðari breytingum. Í kjölfar skoðunar á samrunaskránni kom í ljós að hún var ekki fullnægjandi, m.a. vegna þess að samrunagjald hafði ekki verið greitt. Fullnægjandi gögn og upplýsingar bárust þann 3. ágúst 2019 og byrjuðu því lögbundnir frestir til rannsóknar málsins að líða 4. ágúst 2019.

Rannsókn málsins hefur falist í því að yfirfara gögn og upplýsingar frá samrunaaðilum.

### II.

#### Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum CCEP á vörumerkinu „Einstök“ og tengdum réttindum felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Samkvæmt samrunaskrá eru tildrög viðskiptanna þau að CCEP hefur frá upphafi framleitt bjór undir vörumerkinu Einstök fyrir Einstök Beer Company L.P. Þann bjór hafi síðarnefnda fyrirtækið síðan selt fyrir eigin reikning, aðallega í Bandaríkjunum. Samhliða hafi CCEP þó einnig haft dreifingarsamning um Einstök bjór fyrir íslenskan markað. Með kaupunum muni staða CCEP breytast frá því að vera dreifingaraðili bjórs á Íslandi, undir vörumerkinu Einstök, yfir í að verða eigandi þess vörumerkis á Íslandi. Í þessu felist að breyting verði til frambúðar á yfirráðum yfir þeirri veltu sem sala á Einstök bjór á Íslandi



skapar, þótt efnislega sé ekki um breytingu að ræða þar sem CCEP hefur frá upphafi verið dreifingaraðili Einstök bjórs hér á landi.

CCEP hafi orðið til árið 2016 við samruna þriggja stærstu átöppunaraðila Coca Cola í Evrópu. Félagið sé skráð á markað í New York, London, Madrid og Amsterdam. CCEP fari ekki með yfirráð yfir neinum félögum á Íslandi sem stundi viðskipti á þeim markaði sem samruninn varðar.

CCEP gekk áður undir nafninu Vífilfell og er átöppunar- og söluaðili ýmissa drykkjarvara á Íslandi, þ.á m. Coca Cola, Viking o.fl. vörumerkja.<sup>1</sup>

Samkvæmt samrunaskrá er Einstök Beer Company L.P. eigandi dótturfyrirtækis á Íslandi sem heiti Einstök Ölgerð ehf. Megintilgangur þess félags felist í að móttaka rétthafagreiðslur frá CCEP vegna dreifingar á Einstök bjór á Íslandi. Að öðru leyti fari Einstök Beer Company L.P. ekki með yfirráð yfir neinum félögum sem stundi viðskipti á þeim markaði sem samrunann varði.

#### *Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim*

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Að mati samrunaaðila blasi við að samruninn varði markað fyrir sölu bjórs á Íslandi. Eftir því sem CCEP komist næst hafi ekki verið talin ástæða til að skilgreina þann markað frekar eftir mismunandi tegundum bjórs. Á Íslandi sé bjór annars vegar seldur í verslunum ÁTVR og hins vegar á vínveitingahúsum. Landfræðilegur markaður sé án vafa Ísland.

Segir að samrunaaðilar búi yfir upplýsingum um stærð bjórmarkaðar hvað varðar sölu á bjór í ÁTVR (miðað við magntölur) en ekki að öðru leyti. Samrunaaðilar þekki eigin tekjutölur gagnvart ÁTVR. Vitað sé að álagning ÁTVR sé 18% og að ofan á leggst einnig 11% virðisaukaskattur. CCEP reiknist svo til miðað við þessar forsendur að hlutdeild fyrirtækisins í sölu á bjór sé rúmlega [...]²% miðað við tekjur. Þá sé hlutdeild Einstök bjórs í heildarsölu ÁTVR u.þ.b. [...]³% miðað við tekjur að mati samrunaaðila.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er unnt að fallast á framangreinda skilgreiningu samrunaaðila á markaði málsins, líkt og mál þetta liggur fyrir. Þá er ekki þörf á því að rannsaka hvort um einstaka undirmarkaði kunnir að vera að ræða.

Hvað varðar möguleg áhrif samrunans á samkeppni benda samrunaaðilar á að þau séu hverfandi. CCEP hafi verið dreifingaraðili Einstök bjórs á Íslandi frá því sá bjór var fyrst framleiddur og hefði haldið áfram að vera það, hefði ekki komið til kaupa á vörumerkinu

<sup>1</sup> <http://www.ccep.is/um-ccep/saga-fyrirtaekisins/>.

<sup>2</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>3</sup> Fellt út vegna trúnaðar.



á Íslandi. Efnislega hafi samruninn því engin áhrif á hlutdeild eða stöðu CCEP á markaðnum.

### **III.**

#### **Niðurstaða**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Að mati Samkeppniseftirlitsins verður ekki séð af gögnum málsins að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu.

### **IV.**

#### **Ákvörðunarorð**

**„Kaup CCEP Íslandi ehf. á vörumerkinu „Einstök“ á Íslandi af fyrirtækinu Einstök Beer Company L.P. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson